

**12. fundur Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara haldinn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipholti 30.  
19. febrúar 2016, kl. 13-16.**

**Mættir**

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Björk Óttarsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Haraldur Á. Haraldsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu boðað forföll: Ársæll Guðmundsson, Sigrún Grendal, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Sigurbjörn Marinósson.

**Dagskrá**

1. Skýrsla fagráðsins
2. Erindisbréf
3. Önnur mál

Sigurjón Mýrdal setti fundinn og bauð fólk velkomið.

**Skýrsla fagráðsins**

Fundur dagsins er vinnufundur og markmið fundarins er að ganga frá skýrslunni eins og hægt er. Drög að skýrslunni voru send til fagráðsins fyrir fundinn og sjá má þau á vinnusvæðinu merkt 17. febrúar.

Farið var yfir skýrsluna kafla fyrir kafla og ýmis atriði voru rædd. Varðandi uppbyggingu var ákveðið að hafa umfjöllun um fjármál og samstarfsráð um starfsþróun kennara fyrst og fremst í kaflanum um framtíðarsýn og sleppa köflunum sem nú eru aftast í skýrslunni.

Rætt um að starfsmaður sendi út nýja útgáfu að skýrslunni á miðvikudag eða fimmtudag þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda fundarins.

**Erindisbréf**

Rætt var um erindisbréf, hvort og hvernig fagráð geri tillögu að því við ráðherra.

**Önnur mál**

Ekki hefur tekist að tímasetja fagráðsfund með ráðherra þar sem skýrsla yrði afhent.

*Sólrún Harðardóttir fundarritari*